

Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar
Norðurbraut 22b
220 Hafnafjörður

23. september 2003

Með tölvupósti, dags. 31. ágúst 2003, barst réttindanefnd BSRB erindi frá Starfsmannafélagi Hafnarfjarðarbæjar þar sem óskað er álits nefndarinnar varðandi sumarorlof starfsmanna.

Um sumarorlof gilda lög, nr. 30/1987. Þar er aðeins tiltekinn lágmarksréttur til orlofs og aðilum heimilað að semja um betri rétt t.d. með kjarasamningum og ráðningarsamningum. Jafnframt geta önnur lög eða venjur kveðið á um betri orlofsrétt launafólks en kemur fram í orlofslögunum.

Í 5. gr. orlofslaga nr. 30/1987, eru reglur um ákvörðun um orlof:

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega hvenær orlof skal veitt. Hann skal verða við óskum launþega um hvenær orlof skal veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Að lokinni könnun á vilja launþegans skal atvinnurekandi tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

Eins og greinin felur í sér er meginreglan að hafa skuli samráð um það hvenær orlof skuli veitt og með því á að tryggja sem best sátt um það hvenær starfsmaður fari í orlof. Samráð þýðir þó ekki að náðst hafi samkomulag og hefur vinnuveitandinn endanlegt úrskurðarvald um töku orlofs. Jafnframt segir í greininni að við ákvörðun atvinnurekanda um það hvenær orlof skuli veitt skuli atvinnurekandi verða við óskum launþega **að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar**. Af þessu má ráða að rökstyðja þurfi með skírskotun til starfseminnar hvers vegna ekki er unnt að verða við óskum starfsmanna um orlof.

Í gildandi kjarasamningi félagsins við Launanefnd sveitarfélaga segir í grein 4.5.1. um ákvörðun orlofs:

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn, hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli veitt á sumarorlofstíma sumarorlofstíma ef því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs hvenær orlof skuli hefjast nema sérstakar ástæður hamli.

Hér gildir það sama og í 5. gr. orlofslaga, þ.e. um samráð yfirmanns við starfsmenn um orlofstöku, og að yfirmanni sé skylt að verða við óskum starfsmanns um það hvenær orlof skuli veitt, ef því verður við komið vegna starfa stofnunarinnar.

Samkvæmt orlofslögum skal veita orlof á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Frávik frá þessari reglu eru í mörgum kjarasamningum, sbr. grein 4.4.1 í kjarasamningi félagsins, en þar er sumarorlofstímabilið frá 15. maí til 30. september og á starfsmaður rétt á því að fá 192 vinnuskyldastunda orlof sitt á því tímabili og allt að fullu orlofi á sama tíma, verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar, sbr. grein 4.4.2. í kjarasamningi. Þeir starfsmenn sem samkvæmt ósk vinnuveitanda fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá 33% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan ofangreinds tíma, sbr. grein 4.4.3 í kjarasamningi.

Samkvæmt framangreindu þá er forstöðumanni stofnunar skylt að hafa samráð við starfsmann um orlofstöku en í samráði felst hins vegar ekki áskilnaður um samþykki starfsmanns. Því hefur forstöðumaður lokaorð um það hvenær starfsmaður tekur orlof sitt, en þó á þeirri forsendu einni að starfsemi stofnunarinnar krefjist þess og er eðlilegt að fyrir því séu færð rök. Að þessu skilyrði fullnægðu ber starfsmanni að hlíta því.

Í erindi félagsins er spurt hvort atvinnurekandi geti virt óskir starfsmanna að vettugi hvað orlofstíma snertir. Að framangreindu virtu er það mat réttindanefndar BSRB að enda þótt atvinnurekandi hafi lokaorðið þurfi málefnaleg rök jafnan að liggja til grundvallar afstöðu hans og ber honum að gera grein fyrir þeim.

Hvað varðar spurninguna um það hvort atvinnurekandi geti „slitið orlof í sundur“ þá kveða orlofslögin skýrt á um það að orlof skuli veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september, sbr. 4. gr. orlofslaganna. Hins vegar er það einungis lágmarksorlofið (192 vinnuskyldustundirnar) eða 24 dagarnir, ekki lengra orlofið sem skylt er að veita samfellt.

F.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.